



13. fundur stjórnar LH 2024-2026

5. mars 2025 kl. 19:30

Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Þórisson, Sveinn Heiðar Jóhannesson, Unnur Rún Sigurpálsdóttir.

Mætt úr varastjórn: Jón Þorberg Steindórsson, Ragnhildur Gísladóttir, Hilmar Guðmannsson, Sigurbjörn Eiríksson og Reynir Atli Jónsson.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

2. Staða verkefna hjá formanni og framkvæmdastjóra

- Alendis og Sprettur hafa staðið í deilum vegna ágreinings um gildistíma samnings um sýningar-rétt frá 1. deildinni, Alendis vildi að LH tæki afstöðu í málinu. Auka stjórnarfundur var haldinn um málið þar sem formaðurinn Linda Gunnlaugsdóttir og Sigurbjörn Eiríksson varamaður lýstu sig vanhæf að fjalla um málefnið vegna tengsla í Spretti. Fundurinn vísaði erindinu frá og Alendis hyggst senda málið til dómstóla ÍSÍ til úrlausnar.
 - TOP REITER hafa viðrað þá hugmynd að gerast einn af stóru styrktaraðilum landsliðsins. Samtal er í gangi við Lífland um framlengingu á samningi til tveggja ára. Taka þarf tillit til beggja aðila varðandi hvernig hvor um sig kemur að samstarfinu.
 - Formannafundur Norðurlanda sl. helgi þar sem var rætt um blokkamyndanir innan FEIF. Samstaða Norðurlanda má ekki verða ógn við önnur lönd.
 - Fundur með formönnum á Norður- og Austurlandi var haldinn á Akureyri í tenglum við Áhuga-mannamót Norðurlands. Góður og gagnlegur fundur.
 - Umsókn fyrir LH um að vera á Almannaheillaskrá er komin inn.
 - Valgreiðslur – mikill kostnaður er við að stofna valgreiðslur í banka og þurfa 260 manns að greiða til að standa undir kostnaði við 2.500 kr. valgreiðslu.
- Afgreiðsla: Gjaldkera og framkvstj. falið að skoða málið betur.*

3. Verkefnalisti stjórnar

Farið var yfir verkefnalista stjórnar.

Varamaður í úrskurðar- og aganefnd: Framkvstj. falið að hafa samband við aðila sem sótti um að vera í nefndinni.

Mótahandbók var í vinnslu á vegum stjórnar f. nokkrum árum, Sóley falið að koma málinu í gang aftur.

4. Staða verkefna í nefndum

Landsliðsnefnd: Allra sterkustu verður haldið 19. apríl, verður blanda af keppni og sýningu og endað með skemmtikvöldi. Stjórnarmenn hvattir til búa til stemmningu í sínum nærumhverfi. Stefnt er á að hafa stuðningsmannaboli tilbúna á Allra sterkustu.



Óskað var eftir tilboði frá Eiðfaxa og Alendis um að fylgja landsliðinu fram yfir HM. Alendis afþakkaði að taka þátt í verkefninu. Eiðfaxi hefur lýst yfir vilja til að taka að sér verkefnið í samvinnu við RUV. Stefnt er á að ljúka samningi við Eiðfaxa í næstu viku.

Sveinn og Unnur koma inn á fund.

Mannvirkjanefnd: Í undirbúningi er að kanna stærðir á höllum, til að fá mynd á það hver æskileg stærð er á innanhússvöllum. Einnig að gera leiðbeiningar um aðstæður við kappreiðavelli og hvað þarf að vera til staðar til að met geti talist gild. Æskileg staðsetning dómara við velli eru til umfjöllunar í nefndinni.

Tölvunefnd: Verið að testa þá hluti hafa verið forritaðir nýlega í kerfinu. Fundur með RML varðandi framtíð Sprotfengs fyrirhugaður í næstu viku.

Æskulýðsnefnd: Staðfundur boðaður á föstudag, þar verður ákveðið hvernig verður staðið að fundaröð með æskulýðsnefndum hestamannafélaganna.

Laganefnd: Fyrirspurn barst frá Hestamannafélaginu Sindra, með fyrirspurn um hverjir hafi atkvæðarétt á aðalfundi.

Öryggisnefnd: Nefndin er að undirbúa bréf lögreglu og sveitarfélags um hættulegar aðstæður í hesthúsahverfi Hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi.

Keppnisnefnd: Fjallað um spjaldamálið, gengur ekki að taka upp spjaldareglurnar í heild en lagt til að taka upp gráa spjaldið fyrir ógilda sýningu og nýta bláa spjaldið (dýralæknaskoðun) betur. Annað geymt þar til FEIF samþykkir spjaldatillöguna í heild. Tillaga frá keppnisnefnd er eftirfarandi:

- Keppnisnefnd leggur til að notkun gráa spjaldsins verði tekin upp á Íslandi, sem gildir um framkvæmd sýningar, og að knapi sem dæmdur er úr leik fyrir mistök við framkvæmd sýningar fái grátt spjald í stað rauðs spjalds sem nú er.
- Gul og rauð spjöld eru "agabrotaspjöld" og leggur keppnisnefnd til að þau verði ávallt tilkynnt í hátalarakerfi móta ásamt ástæðum spjaldsins og yfirdómari þarf að koma upplýsingum um spjald til þular.
- Skráning spjalda verði tekin upp og haldið utan um þau hjá LH

Afgreiðsla: Samþykkt.

Innanhússhópurinn: Búið að halda fyrsta fund.

Íslandsmótshópur: Hefur ekki verið kallaður saman. Ólafi Þóris falið að leiða hópinn og boða til fundar.

5. Stefnumótunarvinna

Petra Mogensen hefur tekið að sér að aðstoða LH af stað.

Unnur, Óli G. og Linda munu funda með henni eftir næstu viku.

6. Buddy scheme – FEIF

Á formannafundi á FEIF-ráðstefnunni var samþykkt að búa til eins konar vinabjóðakerfi innan FEIF. Stærri þjóðir paraðar við minni þjóðir og verða þeim til aðstoðar.



7. Mótaspjall - fyrsti fundur mánudaginn 3. mars

Fyrsti samráðsfundur mótanefnda með starfsmönnum LH var haldinn á mánudag. Farið var yfir hlutverk starfsmanns í mótahaldi og verkefni á skrifstofu er varða mótahaldið, farið var yfir helstu breytingar á keppnisreglum eftir Landsþing og FEIF þing og svo var minnst á mikilvægi þess að skila mótaskýrslum.

8. Lénið LH.is

Verkfræðistofan EFLA var eigandi lénsins LH.is en lénið hefur ekki verið í notkun í mörg ár og hefur Efla nú afhent LH lénið til eignar. Lénið verður tekið í notkun og kynnt um leið og ný vefsíða fer í loftið.

Afgreiðsla: Samþykkt. Efla á þakkir skyldar fyrir þessa höfðinglegu gjöf.

9. Farvegur dýraeftirlits innan stjórnsýslunnar.

Samtalið við Dýraverndarsamband Íslands endaði á þann veg að þau ákváðu að standa ein að áskorun til stjórnvalda enda eru áherslur þeirra aðar en LH, FHB og FT. Framkvæmdastjóri átti fund í vikunni með formanni FHB og formanni FT, þar sem ákveðið var að FHB muni senda matvælaráðherra fyrirspurn um stöðu dýravælfæðarmála innan ráðuneystins og í kjölfarið munu félögin þrjú senda sameiginlegt bréf þar sem áherslan verður á að benda á þær brotalamir sem eru á kerfinu og skora á úrbætur.

10. Una Björt Valgarðsdóttir - beiðni um að fá að keppa fyrir Íslands hönd í fimi á Spáni
Borist hefur beiðni frá Unu Björt um endurskoðun á afstöðu stjórnar til erindis hennar.

Afgreiðsla: Framkvæmdastjóra falið að senda ítarlegra svar á sömu nótum.

11. Hestamannafélagið Glampi – aðildarumsókn í LH

Hestamannafélagið Glampi var stofnað þann 10.10.2021. Markmið félagsins er meðal annars að útbúa aðstöðu svo hægt verði að stunda hestamennsku á svæði gamla Djúpavogshrepps. Að stofnun félagsins standa 5 fjölskyldur úr bæjarfélaginu. En aukning hefur verið á félagsmönnum. Nánasta framtíðarsýn félagsins er að á Djúpavogi rísi félagshús með 10-20 stíum auk möguleika á stækkun fyrir reiðhöll og félagsaðstöðu. Hestamannafélagið Glampi hefur óskað eftir landsvæði og er það til skoðunar með aðalskipulaginu sem verður birt á árunum 2025/2026

Afgreiðsla: Samþykkt. Þórhildur Katrín vék sæti í atkvæðagreiðslu um málið.

12. Áhugamannamót Íslands – umsókn frá Sörla

Borist hefur umsókn frá Hestamannafélaginu Sörla um að fá að halda Áhugamannamót Íslands í Sörla. Áformað er að halda mótið helgina 20. – 22. júní.

Afgreiðsla: Samþykkt. SM greiðir ekki atkvæði.

13. Önnur mál

a. Fundarferð stjórnar – dagsetningar

Næst verður fundað með félögum á Suðurlandi, frá Háfeta til Kóps. Formanni falið að finna hentuga dagsetningu.

Reykjanes og Höfuðborgarsvæðið í kjölfarið.

b. Næsti staðfundur verður haldinn í apríl.

c. Ísteka – beiðni um fund með formanni LH

Formanni falið að finna hentungan fundartíma. Stjórnarmönnum og starfsmönnum einnig boðið með á fundinn.



Fundi slitið kl. 21:46